

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13 maí 2011
10.4.Z
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2011
Tilvísun: UST20110300094/jbw

Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna íbúðasvæðis í landi Ásgarðs

Umhverfisstofnun barst erindi dags. 30. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 vegna 28 ha svæðis í landi Ásgarðs. Breytingin felur í sér að íbúðasvæðið Ásborgir breytist í blandaða starfsemi íbúðarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis.

Aðalskipulagssvæðið – íbúðasvæðið Ásborgir

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi eru Ásborgir skráðar sem íbúðasvæði, merkt Ib11 á uppdrætti, og eru um 28 ha að stærð. Svæðið liggur í grennd við Sogið og er á kjarri vöxnu eldhrauni. Gert er ráð fyrir að hægt verði að nýta íbúðarhús á svæðinu sem veitinga- og/eða gistihús.

Náttúruminjaskrá, vernd

Á uppdrætti með breyttu aðalskipulagi kemur fram að vestasti hluti íbúðasvæðisins, sem liggur næst Soginu liggur innan svæðis nr. 747 í náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram að nyrsti hluti íbúðasvæðisins, sem liggur upp að Búrfellslæk sem rennur í Sogið, er innan svæðis nr. 770 á náttúruminjaskrá. Svæði nr. 747 er **Alviðra og Sog** og er fjölbreyttur gróður, fuglalíf og kjörið útivistarsvæði verndargildi þess. Svæði nr. 770 er **Kálfshólar, Búrfells- og Hæðarendalækur** og eru fallegir lækir í hraunjaðri í grennd við ört vaxandi sumarhúsabyggð verndargildi þess.

Vegna aukinna umsvifa, umferðar og meira álags á umhverfið sem búast má við að fylgi breyttri landnotkun í Ásborgum, þ.e. úr íbúðarsvæði í blandaða starfsemi íbúðarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis, telur Umhverfisstofnun brýnt að í deiliskipulagi fyrir svæðið verði ekki gert ráð fyrir frekari uppbyggingu innan framangreindra svæða á náttúruminjaskrá

og því ekki farið nær Soginu og Búrfellslæk en nú þegar hefur verið gert.

Einnig telur stofnunin brýnt að við frekari framkvæmdir á svæðinu verði þess vandlega gætt að trufla ekki varp fugla og að halda raski á eldhrauni sem byggðin hvílir á í lágmarki en eldhraun nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur auk þess áherslu á að fjölbreyttum gróðri og náttúrulegu birki- og víðikjarri á svæðinu verði vandlega hlífð við allar framkvæmdir/jarðrask sbr. 39. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem fjallað er um vernd skóga og annarra gróðursamfélaga og stefnumörkun stjórnvalda til 2020, **Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi**. Þar kemur fram að „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands*“. Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar **Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga** frá mars 2007 er skilgreining birkiskóga „... *land þar sem birki er ríkjandi plöntutegund í gróðurfari óháð hæð, krónuþekju og stærð svæðis*“.

Ef farið verður eftir framangreindum ábendingum er það mat stofnunarinnar að verndargildi svæða nr. 747 og 770 á náttúruminjasrá verði að líkindum ekki rýrt með breyttu aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps, í Ásborgum.

Fráveita, skólp, úrgangur


Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps er ein sameiginleg rotþró fyrir íbúðasvæðið Ásborgir. Vegna meiri umsvifa og álags á umhverfið sem búast má við að fylgja muni breyttri notkun svæðisins og vegna þess að Sogið er á náttúruminjasrá telur Umhverfisstofnun brýnt að ströngustu kröfum um rotþrær og fráveitur og hreinsum skólps sé fylgt í Ásborgum, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir. Sveitarstjórnir skulu samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru tæma seyru úr rotþróum með reglubundnum hætti. Umhverfisstofnun hefur ekki upplýsingar um það hvort að Sogið sé metin viðkvæmur eða síður viðkvæmur viðtaki og telur í því sambandi mikilvægt að flokkun vatns í sveitarfélaginu fari fram sem fyrst sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um að heilbrigðisnefndir skuli flokka vatn og skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn.

Vegna meiri umsvifa og álags sem vænta má í Ásborgum telur Umhverfisstofnun auk þess brýnt að ströngustu kröfum um úrgang, sbr. reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003 sé fylgt.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Virðingarfyllst


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weissappel
Sérfræðingur